

Það þokast — fréttir af nýja Gegni

Árni Sigurjónsson

Í janúar síðastliðnum sögðum við frá því með nokkru stolti á vef Landskerfisins (www.landskerfi.is) að British Library hefði ákveðið að taka upp Aleph 500 bókasafnskerfið frá Ex Libris og töldum það frekari sönnun á ágæti þessa kerfis sem á nú að innleiða á þorra íslenskra bókasafna. Brátt læddist þó að manni sú hugsun að kannski væri þetta ekki einbert fagnaðarefni, því þetta gæti ruglað féлага okkar á Lundúnaskrifstofu Ex Libris í ríminu; þeir gætu nefnilega farið að týna sér í bókarekkum þjóðbókasafnsins breska í stað þess að vinna fyrir okkur.

En hvar stendur innleiðing nýja Gegnis nú?

Staðan er í megindráttum sú að vefurinn er tilbúinn, starfsmannaviðmótið er tilbúið og tveir meginþættir þess, útlán og leitir, hafa verið íslenskaðir, og netþjónarnir eru löngu tilbúnir. Það sem tefur er flutningur gagna úr gamla Gegni sem hefur reynst miklu tímafrekari en áður var ætlað.

Vegna þeirra villna, sem enn voru í gögnunum, reyndist ekki unnt að opna kerfið í febrúarlok 2003 eins og áður hafði verið ráðgert. Bókfræðifærslur voru komnar í allgott horf en svo miklir gallar voru á eintakafærslum að ekki hefði verið hægt að lána út í kerfinu og því tilgangslaust að opna það að svo stöddu.

Álitleg sveit manna hefur unnið að flutningi gagnanna í Þjóðarbókhöðunni undir verkstjórn Sigrúnar Hauksdóttur og í samvinnu við verkefnisstjóra í London og forritara í Póllandi. Ýmislegt hefur orðið til að tefja verkið en samstarfsfyrirtæki okkar, Ex Libris, brást vel við málaleitan okkar og sendi verkefnisstjóran og forritarann hingað til tveggja vikna dvalar í síðari hluta mars. Var þeim fyrirlagt að koma gagnaflutningnum í höfn með hinu íslenska einvalaliði ef þess væri nokkur kostur.

Þegar þetta er skrifað situr þessi sveit manna í vinnubúðum í Þjóðarbókhöðunni og eltir uppi villurnar en minni spámenn reyna að þvælast ekki fyrir.

Takist nú þessi ráðagerð að leysa þau vandamál, sem eftir standa í gagnayfirfærslunni á næstu tveimur vikum, þá eykst bjartsýni okkar á að nýjasta tímaplanið standist, en samkvæmt því á að opna kerfið í maí 2003. Í ljósi fenginnar reynslu er best að gera fyrirvara. Sitthvað gæti brugðist og maður vonar bara það besta.

En eitt er þó ljóst: Allir sem hafa prófað vefviðmót kerfisins undanfarnar vikur sjá að það er frábært og að það verður til verulegra bóta fyrir notendur íslenskra bókasafna.

*Árni Sigurjónsson,
Landskerfi bókasafna (www.landskerfi.is).*

Birt í Fregnum, 28. árg. 1. tbl. 2003, bls. 18-19.